

Alþingi
Erindi nr. P 140/2263
komudagur 8.5.2012

Athugasemd við Rammaáætlun.

aldaagnes@hive.is [aldaagnes@hive.is]

Sent: 8. maí 2012 10:19

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Góðan dag.

Ég, undirrituð tel ófært að jarðhitasvæðin við og á Sveifluhálsi og í Eldvörpum í Reykjanesfólkvangi séu sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Svæðin eiga að vera í verndarflokki og leyfi mér að fullyrða að það sé skamm góður vermir að setja þau í nýtingarflokk. Ótækt að skemma svæðin til stutts tíma með nýtingu þeirra til virkjunarframkvæmda og það þarf að hafa það í huga að slík nýting er ekki komin til að vera í mörg hundruð ár. Ósnert svæðin eru aftur á móti nýtilegt sem ferðamannasvæði í ókomin árhundruð. Það má einnig benda á að þessi svæði eru það nálægt þéttbýli að það er hagstætt að komast þar í snertingu við stórkostlegt landslag og merkilegt án mikillar fyrirhafnar og bensínkostnaðar.

Bæði þessi svæði eru einstök og ótækt að þau séu eyðilögð með horsvæðum - nýtum þau á annan hátt. Byggjum upp gott aðgengi fyrir fólk og sköpum verðmæti á þessum stöðum með öðrum hætti en að eyðilegga náttúrulegt útlit þeirra með virkjunarframkvæmdum.

Alda Agnes Sveinsdóttir
Kt. 030561 2959